



Fornleifaskráning

vegna deiliskipulags á
*byggingareit í landi Vestri Rauðhól í
Árborg*



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Apríl 2007
2007/2

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Tilgangur fornleifaskráningar	2
Fornleifaskráning og aðferðir	3
Aðferð við fornleifaskráningu	4
Jarðanúmer	4
Tegund, hlutverk og heiti	4
Lega	5
Staðhættir og lýsing	5
Hættumat	5
Heimildir	5
Heimildamenn	6
Saga jarðanna og fornleifar	6
Saga V Rauðhóla	7
Náttúrufar og jarðarbætur	10
Heimildaskrá	13
Fornleifar í landi Vestari Rauðhóla	14
Niðurlag	20

Inngangur

Jörðin Vestari Rauðhóll var aðalskráð sumarið 2005 af Kristínu Erlu Þráinsdóttir fornleifafræðingi. Í mars 2007 var afmarkaður deiliskipulagsreitur 2337 fm deiliskráður af beiðni Grétars Zophaníasson fulltrúa á framkvæmda- og veitusviði Árborgar.

Reiturinn er rúmlega 50 m frá suðri til norðurs og 45 m frá austri til vesturs. Reiturinn er 40 m austur af húsinu Sæbóli og 50 m frá Hásteinsvegi 61 sem er iðnaðarhúsnæði.

Deiliskráninguna annaðist Margrét Hallmundsdóttir fornleifafræðingur .

Tilgangur fornleifaskráningar

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningar-sögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

„ ... hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.“

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.“ Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

En það er ekki síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaaðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Þjörgunaruppgröftur sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaaðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Fornleifaskráning og aðferðir

Áður en vettvangskonnnun fór fram voru helstu heimildir kannaðar, svo sem jarðabækur, örnefnaskrá, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornleifar

á svæðinu. Þessar upplýsingar eru allar skráðar í upplýsingakerfið Sarp sem er menningarsögulegur gagnagrunnur.

Í fornleifaskrá Sarps eru fornleifarnar flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í *Jarðatali á Íslandi* frá 1847

Með jörðinni fylgir skrá með umfjöllun um hvern minjastað og ljósmyndir eða teikningar eftir því sem við á. Minjar eru færðar inn á skipulagskort Verkfræðistofu Suðurlands og eru kort birt hér með góðfúslegu leyfi þeirra.

Aðferð við skráningu

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðarinnar, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Að öðru leyti er skráin byggð upp með þeim hætti sem að neðan greinir.

Jarðanúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með heiti jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem *Fasteignamat ríkisins* hefur úthlutað, t.d. Rauðhóll Vestari 165578, og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt *Jarðatali á Íslandi*, 168 í nefndu tilviki. Þar að auki er fornleifunum gefið raðnúmer innan hverrar jarðar. Bæjarstæði Vestari Rauðhóla væri nr. 1 og þar af leiðandi auðkennt með eftirfarandi hætti: Rauðhóll Vestari 165578-1. Sé jörð með landsnúmer en ekki númer í *Jarðatali á Íslandi* flokkast allar fornleifar á jörðinni undir landsnúmer jarðarinnar og númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyrðu við ritun jarðatalsins.

Tegund, hlutverk og heiti

Í fáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að

„heimild“ sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Gamlibrunnur, er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. fjós eða hlaða.

Lega

Nákvæm staðsetning er skráð. Tekin voru GPS-hnit á vettvangi og þau færð í skrána. Staðsetning minjana er einnig færð inn á meðfylgjandi kort frá Verkfræðistofu Suðurlands. Hnitin sem gefin eru upp eru í landskerfinu ISN93.

Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vitnað í heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist við vettvangsskráninguna. Við skipulag framkvæmda er engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda, því að fornleifar geta, sem fyrr segir, leynst undir sverðinum.

Heimildir

Vísað er í helstu ritheimildir um sérhverja hinna skráðu fornleifa. Hér eru einnig skráðar þær heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og lýsingu, en ekki neðanmáls eins og þó er gert í öðrum texta þessarar skýrslu. Ræðst það af því að fornleifaskráningin á helst að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.

Heimildamenn

Heimildamaður við skráningu Vestari-Rauðhóla var Sigurjón Jónsson á Stokkseyri.

Saga jarðanna og fornleifar

Í kaflanum um sögu jarðanna og fornleifar er stiklað á stóru um sögu hvernar jarðar. Þar er auk þess að finna hina eiginlegu fornleifaskrá.

Fornleifar í landi Vestri-Rauðhóla

Vestri-Rauðárhóll - 165578-168

Saga

Rauðarhóll vestari var ein af hjáleigum Stokkseyrarjarðarinnar og kom hún fyrst fyrir í heimildum í *Manntali árið 1703*. (*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947:515) Árið 1708 var Stokkseyrarjörðin skráð í *Jarðabókina* og voru þá hjáleigur jarðarinnar 24 talsins og Litli Rauðárhóll, eins og hún var þá kölluð, skráð önnur í röðinni. (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:62) Hjáleigan var ein af þeim 11 hjáleigum er tilheyrðu ábýli Guðmundar West og „Stokkseyrar-Dísu“ (Þórdísar Markúsdóttur). (Vigfús Guðmundsson. 1945:57)

Um nafn hjáleigunnar hafa margir ritað en menn hafa mikið velt uppruna nafnsins fyrir sér. Nafn hjáleigunnar hefur sömuleiðis verið ritað á margvíslegan hátt. Árið 1703 var hjáleigan kölluð Litli Rauðárhóll, (*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947:515) árið 1708 var hún kölluð sama nafni en skráð sem Litli Rauðárhóll. (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:62) Tæpri öld síðar var hjáleigan kölluð Westre Rauðarhóll (*Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt*. 1978:217) og eingöngu Rauðárhóll árið 1816. (*Manntal á Íslandi 1816*. 1947-1974:303) Árið 1847 var hún kölluð Rauðarhóll vestari, (Johnsen, J. 1847:60) árið 1910 Rauðárhóll (vestri), (*Manntal á Íslandi 1910. III Árnessýsla*. 1997:192) árið 1920 aftur Rauðarhóll vestri, (Túnakort [1920]. *Rauðarhóll vestri*) árið 1932 Vestri Rauðárhóll (*Fasteignabók*. 1932:11) og í dag Vestri-Rauðárhólar (Fasteignamat ríkisins. (Engin dags.)) Guðni Jónsson sagði að nafnið Litli Rauðarhóll sýndi að hjáleigan væri byggð úr Eystri Rauðarhól. (Guðni Jónsson. 1952:323-4) Hvað upphaflegt heiti hjáleigunnar var, er ekki gott að segja en eins og nafnið er ritað fram til ársins 1847 þá má vel ímynda sér að nafnið sé dregið af Rauðá, en Rauðá hét á sem landnám Hásteins náði að. Hjá hjáleigunni er þó ekki í dag á með þessu heiti né í grendinni og ekki er neinn gamall farvegur á svæðinu sjáanlegur „... ef Rauðá, sú er landnám Hásteins náði austur að, hefði verið hjá Rauðárhól, þá hefði Traðarholt ekki verið í landnámi hans. Mér er því næst skapi að ætla, að bæjarnafnið Rauðárhóll sé afbökun úr Reyðarhóll; það gæti verið kennt við silung, eins og t. a. m. Reyðarmúli o. fl. En eins vel gæti það verið kent við rauða kú; því venjulega heitir rauð kýr; reyður; líklegast er þó, að bærinn hafi nafn af steypireiði

er rekið hafi þar fram undan.“ (Brynjólfur Jónsson. 1981:5) Önnur á var nær bænum en Rauðá og er það Grímsá (Skipaá) „[v]æri næsta furðulega seilzt um hurð til lokunnar eftir nafni á býli þessu, ef það hefði verið sótt yfir Grímsá og önnur kennileiti allt austur í Rauðá, ekki meira vatn en hún er ... Nafnið Rauðarhóll hlýtur að vera afbökun, enda þótt svo sé ritað í fyrrnefndum heimildum frá byrjun 18. aldar. Sá ritháttur sýnir, að menn hafa þá þegar verið farnir að velta fyrir sér merkingu nafnsins og tengt það við Rauðá. Það er því gömul alþýðuskýring og röng, eins og slíkar skýringar eru vanar að vera.“ (Guðni Jónsson. 1952:324) Brynjólfur Jónsson velti því fyrir sér hvort Rauðá gæti hafa verið við hjáleiguna þó svo heimildir geti þess ekki: „ ... upp frá bænum liggur djúp og mjó laut, líklega uppgróin hraungjá, skáhalt upp í hraunið, og eru í henni straumlaus leirvatnsdrög, sem ekkert afrensi hafa. Hefir þess verið getið til, að þessi laut kunni fyrrum að hafa verið kölluð Rauðá. En ekki er hún líkleg til að hafa borið nafnið á. Bæjarnafnið er ekki heldur borið fram í daglegu tali Rauðarhóll, þó svo sé ritað, heldur ávalt Rauðarhóll. Og sé þessi hjáleiga gömul, þá hefir hún að líkindum áður staðið frammar og fjær þessari laut, en verið færð undan sjó eins og flestir aðrir bæir þar strandlengis.“ (Brynjólfur Jónsson. 1907:31)

Guðni Jónsson telur að réttasta nafnið sé Rauðarhóll, enda sé nafnið almennt borið þannig fram. Hann vildi meina að upphaflega hefði hjáleigan heitið Rauðahóll. (Guðni Jónsson. 1952:324)

Um skuldir, kvaðir og stærð jarðarinnar segir í *Jarðabókinni*: „Landskuld xxv álnir í landaurum ut supra. Kúgildi i og gjaldast leigur í smjöri ut supra [Rauðarhóll]. Kvaðir nú öngvar, voru áður sem á hinni hjáleigunni supr. Kvikfje ii kýr, i hestur, i hross. Fóðrast kann i kýr, i hestur.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:62) Þegar *Jarðatal á Íslandi* var skráð árið 1847 var landskuldin 0,45 og kúgildin 2. (Johnsen, J. 1847:60)

Náttúrufar og jarðabætur

Hjáleigan Rauðarhóll vestari var metin á 2,58 hundruð árið 1861. Að meðaltali voru 11 hjáleigur Stokkseyrar (slembiúrtak) metnar á 2,94 hundruð og því Rauðarhóll vestari ekki metin áberandi lágt. (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:213) Af heimildum að dæma þótti ekki mikið í hjáleiguna varið en um hana var talað með minnstri virðingu jarða í sveitinni. (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:213) Bæjarhúsin á Rauðarhól vestari voru sex talsins og eitt peningshús fyrir jarðskjálftana árið 1896. Áhrif skjálftanna urðu þau að tvö bæjarhúsin skemmdust mjög og fjögur lítið, peningshúsið skemmdist hins vegar mjög mikið. (Þorvaldur Thoroddsen. 1899 og 1905:186) Árið 1910 var á jörðinni torfbær með einu hálfþili. (*Manntal á Íslandi 1910. III Árnessýsla*. 1997:192-3) Á túnakorti sem sennilega var teiknað á árunum 1920 var skráður einn bær, eitt útihús og matjurtagarðar. Túnið var 1,5 ha stórt og þar af u.þ.b. $\frac{3}{4}$ slétt, matjurtagarðarnir voru 1403 m² að stærð. (Túnakort [1920]. *Rauðarhóll vestri*) Á næstu 12 árum urðu engar breytingar á túnastærðinni en matjurtagarðarnir voru árið 1932 1400 m² að stærð. (*Fasteignabók*. 1932:11) Hjáleigan lagðist í eyði árið 1931 en árið 1977 voru túnin orðin 4 ha að stærð en stærð matjurtagarða ekki nefnd. (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:213) Í dag (2005) standa á eyðijörðinni bæði fjárhús og hlaða. Fjárhúsin voru byggð árið 1952 en hlaðan árið 1920 og gæti hún því hafa staðið þegar túnakortið var skráð. (Fasteignamat ríkisins. (Engin dags.))

Um gæði jarðarinnar eru ekki til miklar heimildir en í *Sunnlenskum byggðum* segir: „... þýfður mói sem síðar var sléttaður til túnræktar sem er gott svo langt sem það nær ...“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:213)

Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Brynjólfur Jónsson. 1981. „Rannsókn í Árnesþingi sumarið 1904 (að nokkru leyti áður undirbúin).“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1905.

Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík, bls. 5-18.

Brynjúlfur Jónsson. 1907. „Athugasemdir við Árbók Fornleifafélagsins 1905.“
Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1907. Bókaútgáfan Þjóðsaga, Reykjavík, bls.
29-38.

Fasteignabók. 1932. Fjármálaráðuneytið, Reykjavík.

Fasteignamat ríkisins. (Engin dags.). *Landskrá fasteigna. Vestri-Rauðárhólar*
Sveitarfélagið Árborg. Sótt 5.1. 2006 af
<http://www.fmr.is/>

Guðni Jónsson. 1952. *Bólstaðir og búendur í Stokkseyrarhreppi*. Stokkseyringafélagið
í Reykjavík, Reykjavík.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Manntal á Íslandi árið 1703. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og
Páls Vídalín. Hagstofa Íslands, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt. 1978. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1816. 1947-1974. Ættfræðifélagið, Akureyri og Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1910. III Árnessýsla. 1997. Hólmfríður Gísladóttir og Eggert Th.
Kjartansson sáu um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Ókunnur skrásetjari. [ártal vantar]. *Stokkseyrarfjara*. Úr dánarbúi Guðna Jónssonar.
Stokkseyrarhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón
Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband
Suðurlands, (án útgáfust.).

Túnakort [1920]. *Rauðarhóll vestri. Stokkseyrarhreppur, Árnessýsla*. Þjóðskjalasafn
Íslands.

Vígfús Guðmundsson. 1945. *Saga Eyrarbakka*. Fyrri bindi, fyrri hefti. Víkingsútgáfan, Reykjavík.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899 og 1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Hið íslenska bókmentafélag, Kaupmannahöfn.

Vestri-Rauðarhóll 165578 168 - 1**Utan deiliskipulagsreits**

Sérheiti: Rauðarhóll vestari

Hlutverk: Bæjarhóll, Bústaður

Tegund: Bæjarhóll

Staðsetning: X: 399736 Y: 371453

Skekkja: 4,5 m

Ástand: Ómetið

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Sigurjón Jónsson (1210293089)

Staðhættir

Bæjarhóll Rauðarhóls vestari er um 70 m austur af íbúðarhúsum Kumbaravogs, NA af útihúsum.

Lýsing

Bæjarhóllinn er í þvermáli um 26 m NS og jafnstór í AV, hann er um 2 m hár. Ekki sjást neinar hleðslur á hólum en grunnt er niður á þær. Mikið er af dældum í umhverfinu í kring.

Heimildaskrá

Túnakort [1920]. *Rauðarhóll vestri*. Stokkseyrarhreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

Vestri-Rauðarhóll 165578 168 - 2**Utan deiliskipulagsreits**

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Á túnakorti Rauðarhóls vestri má sjá útihús, en þar sem áttir vantar á kortið er ekki unnt að átti sig nánar á því hvar útihúsið stóð. Vegurinn heim að bæ tók sveig áður en hann lá heim að bænum og er sveigurinn um jafnlangt frá bænum og útihúsinu. Ekki fundust minjar um útihús þetta við vettvangskonun.

Heimildaskrá

Túnakort [1920]. *Rauðarhóll vestri. Stokkseyrarhreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.*

Vestri-Rauðarhóll 165578 168 - 3

Utan deiliskipulagsreits

Sérheiti: Lónsósbyrgi

Hlutverk: Byrgi

Tegund: Örnefni

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

„Næsta sund er Lónsósinn, og er fyrir framan Vestri-Rauðarhól; merki á honum eru fallin niður, en var byrgi eða tótt, sem var á bakkanum fyrir framan Vestri-Rauðarhól, og hét Lónsósbyrgi, og átti að bera í Hamarinn á Ingólfsfjalli.“ (Ókunnur skrásetjari. [ártal vantar]:3)

Heimildaskrá

Ókunnur skrásetjari. [ártal vantar]. *Stokkseyrarfjara*. Úr dánarbúi Guðna Jónssonar. Stokkseyrarhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Vestri-Rauðarhóll 165578 168 - 4

Utan deiliskipulagsreits

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: X: 399636 Y: 371493

Skekkja: 4,5 m

Lengd: 140 m

Breidd: 0,5 m

Ástand: Ómetið

Heimildamaður: Sigurjón Jónsson (1210293089)

Staðhættir

Milli Rauðarhóls vestri og Kumbaravogs er gamall túngarður. Hann er um 10 m vestur af smiðju Sigurjóns heimildarmanns. Norðurendi hans liggur um 15 m austur af íbúðarálmu Kumbaravogs.

Lýsing

Garðurinn er um 140 m langur og liggur NS, hann er grasi gróinn en þó glittir í hleðslusteina undan gróðri. Garðurinn er um 0,5 m breiður og um 50 sm hár. Í garðinum eru girðingarstaurar. Garðurinn hefur að öllum líkindum verið lengri áður fyrr en verið skemmdur þegar byggingar Kumbaravogs voru reistar.

Vestri-Rauðárhóll 165578 168 - 5

Utan deiliskipulagsreits

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Brunnur

Staðsetning: X: 399643 Y: 371428

Skekkja: 4,5 m

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Heimildamaður: Sigurjón Jónsson (1210293089)

Staðhættir

Um 20 m austur af verkstæði Sigurjóns heimildarmanns var brunnur.

Lýsing

Búið er að fylla upp í brunn þennan að sögn heimildarmanns en hann var um 2 x 2 m í þvermál. Vatnsrör liggur í brunninn.

Vestri-Rauðárhóll 165578 168 - 6

Utan deiliskipulagsreits

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: X: 399764 Y: 371416

Skekkja: 4,5 m

Lengd: 83 m

Breidd: 0,7 m

Ástand: Ómetið

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

Um 30 m austur frá bæjarhól Rauðarhóls vestri er túngarður, eða landamerkjagarður milli Rauðarhóls vestri og eystri.

Lýsing

Garðlag þetta er um 83 m langt, um 0,7 m breitt og það liggur NS. Í 68 m kafla úr norðri, sjást mosavaxnir hleðslusteinarnir en síðar verður garðurinn gisnari, og grjótið færra. Garðurinn tekur sveig við dæld en er að öðru leyti beinn.

Niðurlag

Reiturinn sem um ræðir er lítill. Rétt utan við deiliskipulagsreitinn er gamalt fjárhús frá síðustu öld, klætt bárujárni. Við það hús gætu hugsanlega verið leifar eldri bygginga. Þvert yfir deiliskipulagsreitinn liggur fallegur garður, lítið gróinn. Samkvæmt heimildarmanni við aðalskráningu Sigurjóni Jónssyni, er sá garður ekki gamall og nær ekki 100 ára aldri, líklega hefur hann verið byggður í sambandi við fjárhúsið. Rof er á garðinum þar sem vegur liggur þvert yfir reitinn í átt að fjárhúsunum.

Miðað við gamla garða í nágrenninu er líklegt að garðurinn sé ungur eins og heimildarmaður greinir frá. Engar aðrar minjar fundust á reitnum sem er aðeins 45x51 m að stærð.

